

Val fyrir næstu önn í Innu

1. Á forsíðu Innu er smellt á **VAL**:




2. Þá opnast þessi síða:



ATHUGIÐ VEL: ***Nú þarf ekki lengur að velja „Vista val" ef maður vill geyma valið og klára t.d. næsta dag. Síðan vistar sjálfkrafa allar breytingar sem þið gerið. Ykkur er því óhætt að velja áfanga, slökkva á Innu og þegar þið farið næst inn í valið ykkar, þá birtast sömu áfangar og þið voruð búin að velja.***

3. Eftir að smellt er á **Velja áfanga** er hægt að finna þá áfanga sem þú vilt fara í. Gættu að því að vera búin/n að undirbúa þig vel með því að skoða **námsbrautina** þína og eins líka **námsferilinn þinn á Innu** (*Þá áfanga sem þú hefur lokið nú þegar*). Í valinu er miðað við að velja a.m.k. 30 einingar á önn, en það eru **6 áfangar** sem gefa þér **fimm einingar hver** (t.d. ÍSLE2HU**05**). Þeir áfangar fara í **aðalval**. Síðan þarf einnig að passa vel að velja **a.m.k. 2 áfanga í varaval,** en það eru þá áfangar sem koma inn í staðinn ef þú kemst ekki inn í einhvern af áföngunum í aðalvalinu.




4. Hér að neðan er búið að velja áfanga í Aðalval. Til að **eyða áfanga út** er einfaldlega **ýtt á rauða x-ið**. Innan virkar þannig að þú velur þér áfanga í Aðalval sem þú vilt hafa í stundatöflu á næstu önn. Innan raðar síðan áföngunum sem þið veljið í stundatöfluna eins vel og hægt er. Stundum eru tímarnir sem þið veljið kenndir á sama tíma og þá vantar inn áfanga í stundatöfluna ykkar. Þá sækir Innan áfanga sem þið eruð með í Varavali í staðinn. Þess vegna er mjög mikilvægt að velja a.m.k. 2 áfanga og setja í varaval. **Það er gert með því að draga áfanga úr Aðalvali og niður í Varaval.**



Til að eyða út áfanga er ýtt á rauða x-ið.

Áfangi er dreginn úr aðalvali og niður í varaval.


5. Svona lítur þá valið út þegar allt er klárt.



Hér eru komnar 32 einingar í aðalval, sem eru 6 áfangar + íþróttir (2 einingar) eða í raun full önn.

Svo eru 10 einingar í varavali, eða tveir áfangar.

6. Að lokum ætlum við síðan að ýta á **Staðfesta val:**



7. Hér er svo **GRÍÐARLEGA MIKILVÆGT** að **ýta aftur á Staðfesta val.**



8. Hér er búið að staðfesta valið og allt klárt. Það er hægt að sjá með því að skoða dagsetninguna undir **Staðfest val** og sjá að valið fyrir vorönn 2027 (20271) er komið undir **Önn**:



